

Skuggi Baldurs

Þetta kvöld var erfitt kvöld fyrir Baldur, mun erfiðara kvöld en þau síðustu og hann vissi að önnur andvökunótt væri að ganga í garð. Hann hafði aldrei náð að gera herbergið sitt að þeim griðarstað sem hann þurfti á að halda.

Í raun er engin ástæða fyrir vanlíðan Baldurs. Að minnsta kosti ekki á yfirborðinu. Hann hafði verið elskaður af bæði föður sínum og móður og var gimsteinninn hennar ömmu Láru. Grasið virtist grænka þegar hann gekk á því og fuglarnir byrjuðu að syngja við nærveru hans. Gróðurhúsaáhrifin voru tittlingaskítur miðað við hann. Og stelpurnar, þær elskuðu hann líka. Allar. Hann hafði ekki fengið frið frá þeim síðan hann byrjaði í leikskóla. Fyrst hafði hann verið hálfgerður glaumgosi, skipt um stelpu sérhvern Þriðjudag sem lenti á fullu tungli og komst hann upp með það, enda var ekki hægt að vera fúll eða reiður við þessi undurföggu augu. Brátt byrjaði honum hins vegar að leiðast það fyrirkomulag og missti áhugann á stelpum, um stund.

Fjölskyldan bjó út í Kópavoginum í friðsælu hverfi og byrjaði hann fljótt að fá áhuga á fótboltanum. Hann fór á eina æfingu hjá Breiðablik þegar hann var 5 ára og þaðan var ekki aftur snúið. Varð hann fyrrið hjá Breiðablik út alla yngri flokkanna og var nú, aðeins 16 ára, byrjaður að æfa með meistaraflokki. Síðan kunni hann líka að spila á gítar. Gítarinn var honum meðfæddur, fyrst þegar hann spilaði á hann var eins og hann hefði aldrei gert neitt annað, í raun var ekki hægt að taka gítarinn frá honum.

Þegar hann var orðinn 13 ára sá hann ástina sína í lífinu. Hún hét Anna. Hún fluttist með foreldrum sínum úr Fjölnisveginum í þetta nýja hverfi í Kópavoginum. Fyrstu kynnin þeirra á milli voru þegar þau voru sett saman í atriði á vegum Tónlistarskólans. Þetta var ást við fyrstu sýn. Strákurinn var virkilega stressaður við fyrstu kynnin. „Hæ, ég heiti Anna” sagði hún. Hann gapti. Sagði svo: „Nanna er virkilega fallegt nafn”. Hún, sem var virkilega þakklát fyrir þetta hrós ákvað að það væri best að sleppa því að segja honum sannleikann.

Á þessum tímapunkti hefði ævintýrinu líklega átt að enda, og þau átt að lifa saman til æviloka og eignast fullt af börnum. Og hver veit, með þessi gæðagen hefði líklegast eitt þeirra orðið Forseti einn daginn. Raunveruleiki Baldurs var hins vegar að verða myrkari með degi hverjum.

Það kann að virka afar skrýtið, þar sem að lukkan elti hann á röndum og hann fékk ekki að vera í friði frá fólki sem að elskaði hann. En það sem að vantaði í líf hans var eimmitt það, friður.

Friður til að gera mistök, til að vera hataður, til að átta sig á því að heimurinn er ekki fullkominn og undir það síðasta, frið frá sínum eigin hugsunum.

Þetta var ein þessara nóttu í júní þegar enginn myrkur er og náttúran prýðir sínu fegursta. Sólin liggur handan sjóndeildarhringsins. Baldur sat þarna á rúminu sínu, var ekki grátandi eins og síðustu nætur, augu hans gátu ekki lengur grátið. Hann var fjarrænn milli augnanna, allur neisti horfinn úr þeim. Hann batt hnútinn - þessu hlaut að ljúka svona.

Og skuggi Baldurs lá á gólfinu.